

Grunnlóðasamningur

Eyrarvegur 6

Sveitarstjórn Langanesbyggðar gjörir kunnugt með bréfi þessu:

Samkvæmt fundarsampykki Sveitarstjórnar Langanesbyggðar er **Langanesbyggð kt. 420369-1749** seld á leigu byggingarlóð, sem lýst er í tölulið 1.0. hér á eftir og meðfylgjandi uppdráttur sýnir, með eftirgreindum nánari skilmálum:

1.0. Hið leigða:

Hin leigða lóð er **414 m²** að flatarmáli eins og sýnt er á meðfylgjandi lóðarblaði. Lóðin er ætluð undir einbýlishús. Landnúmer lóðar er **154623..**

1.1. Afnot hins leigða:

Lóðin er seld á leigu til bygginga og hverskonar afnota annarra, í samræmi við aðal- og deiliskipulag Langanesbyggðar, eins og um eign væri að ræða.

2.0. Kvaðir og fleira :

2.0.1. Lóðarhafi er skyldugur til að hafa bifreiðastæði innan lóðarmarka samkvæmt samþykktum teikningum um lóðina, ákvæðum viðeigandi laga, reglugerða og skipulags.

2.0.2. Við gróðursetningu trjáa og runna sem og uppsetningu girðingar á lóð skal fara að fyrirmælum gildandi byggingarreglugerða og skipulags.

2.0.3. Skylt er leigutaka að leyfa lagningu holræsa, vatnsæða, raftauga, síma o.fl. þess háttar um leigulóðina án endurgjalds, en sé lóð eða mannvirkjum spillt með því, komi bætur fyrir eftir samkomulagi eða mati.

2.0.4. Leigutaki skal hafa byggt á lóðinni áður en eitt ár er liðið frá því honum var tilkynnt, að lóðin væri seld honum á leigu, ella fellur hún aftur til sveitarfélagsins endurgjaldslaust. Sama gildir ef leigutaki rifur niður hús á lóðinni eða þau brenna og er þá leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn niður, hafi hann ekki byggt á lóðinni innan eins árs frá því að húsin brunnu eða voru rifin niður.

3.0. Lóðargjöld:

Leigutaki greiðir lóðargjöld til sveitarsjóðs af hinni leigðu lóð, samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða, eins og hún væri ekki eign sveitarsjóðs.

4.0. Lóðarleiga - gjalddagi leigu:

Leigutaki skal greiða sveitarsjóði ársleigu af lóðinni samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar um lóðaleigu á hverjum tíma. Nú er lóðin ómetin og verður þá leiga eftir hana kr. 100 á ári, uns fasteignamat gengur í gildi.

Gjalddagi leigunnar er sá sami og gjalddagi fasteignagjalda, í fyrsta sinn á árinu 2014 og er leigan tryggð með forgangsveðrétti í leiguréttindum leigutaka og húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á réttum gjalddaga, má til lúkningar henni gera fjárnám í leiguréttindum, húsum og mannvirkjum á lóðinni án dóms eða sáttar, skv. 15. gr. laga nr. 29/1885, eða selja veðið á opinberu uppboði án dóms, sáttar og aðfarar, samkv. 39. gr. laga nr. 95/1947.